



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa ágúst 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 9. ágúst 2005

Samningur við Héraðsnefnd Þingeyinga um barnavernd, félagsþjónustu og skólaþjónustu. Samningurinn er dagsettur 1. ágúst 2005. Um þessa starfsemi var samþykkt samhljóða.

Skólastarf vetrarins. Oddviti las upp fundargerð frá skólanefnd dagsetta 27. júlí 2005 og vísast í það skjal. Fram kom að ekki þarf að auglýsa eftir kennara að álitni skólastjóra. Varðandi tónlistarnám var ákveðið að halda áfram tónlistarkennslu ef kostur er.

Vatnsveituframkvæmdir ganga vonum farmar. Ákveðið var að kanna frestun á framkvæmd við nýjan vatnstank.

Úthlutun byggðarkvóta. Byggðarkvóti var ræddur frá ýmsum hliðum og hver reynsla era f byggðarkvóta. Oddvita falið að kanna hvort hægt væri að fá ráðgjafafyrirtækið Nýsi við úthlutun byggðarkvóta og hvað það kostar.

Bréf barst frá Sjávarútvegráðuneytinu um byggðarkvóta.

Bréf barst frá Fljótsdalshéraði um þátttöku í svæðisskipulagi um förgun úrgangs. Samþykkt að taka þátt í svæðis áætlun,

Bréf barst frá Skipulagstofnum um athugasemdir vegna Aðalskipulags.